

Tillaga til 489. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 3. febrúar 2022

Tillaga frá 1185. fundi bæjarráðs, sem fram fór þann 31. janúar 2022, um að bæjarstjórn samþykki viðauka 2 við fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2022, vegna raforkukaupa fyrir sundlaugina á Þingeyri, að fjárhæð kr. 3.000.000, en áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu samstæðu Ísafjarðarbæjar er lækkun afgangssins sem því nemur.

3. Samningur um orkukaup vegna sundlaugar á Þingeyri - 2022010100

Á 1184. fundi bæjarráðs, þann 24. janúar 2022, var lagt fram minnisblað Hafdísar Gunnarsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs, dags. 20. janúar 2022, varðandi raforkukaup fyrir sundlaugina á Þingeyri. Bæjarráð samþykkir að kaupa forgangsortu og felur bæjarstjóra að flýta skoðun á orkusparandi aðgerðum fyrir sundlaugina á Þingeyri.

Nú er lagður fram til samþykktar viðauki 2 vegna málsins, en áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu samstæðu Ísafjarðarbæjar er lækkun afgangssins um kr. 3.000.000,-

Áhrif viðaukans á sveitasjóð A hluta er kr. 3.000.000,- og er því rekstrarhalli að hækka úr 329.516.189 í kr. 332.516.189,-.

Áhrif viðaukans á samantekin A og B hluta er kr. 3.000.000,- eða lækkun rekstrarafkoma úr 50.800.000 í kr. 47.800.000,-.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja viðauka vegna raforkukaupa fyrir sundlaugina á Þingeyri, að fjárhæð kr. 3.000.000.